# SKIPULAGSBREYTING

## Breyting á deiliskipulagi Eskivalla 11 og 13 í Hafnarfirði

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi 13.12.2016 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi við Eskivelli 11 og 13 í samræmi við 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst í eftirfarandi: Fjölbýlishús F1. Við Eskivelli 11 verður eitt sex hæða fjölbýlishús (F1) með 39 íbúðum Byggingarreitur er í vinkli og verður nú 31,6m x 42,5m að utanmáli og 11,3m – 14,5m breiður, 708,5m². Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina. Fjölbýlishús F2, Eskivellir 13. Bílageymsla neðanjarðar er felld út og bílastæðum komið fyrir á lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir lóðina.

Tillögurnar verða til sýnis í Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 31.01.2017–16.03.2017. Einnig er hægt að skoða tillögur á **hafnarfjordur.is**. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. mars 2017. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR